líf og list



Umsjón: Katrín Pálsdóttir



Lauren Bacall og Humphrey Bogart

Þrjár myndir fornar

kvikmyndir



Sólveig K. Jónsdóttir skrifar

Háskólabíó: The Big Sleep
Leikstjóri: Howard Hawks
Handrit byggt á sögu Raymond Chandler
Aðalhlutverk: Humphrey Bogart og Lauren Bacall
Bandarísk, árgerð 1946.

Háskólabíó hefur nú hafið endursýningar á myndum Humphrey Bogarts. Þær virðast bera aldurinn nokkuð vel, a.m.k. sú fyrsta, sem tekin hefur verið til sýningar, „The Big Sleep". Leikstjórinn er heldur ekki af lakari endanum, Howard heitinn Hawks.

Hawks varð aldrei jafn þekktur og t.d. Hitchcock og DeMille. Hann hlaut ekki óskarsverðlaun fyrir myndir sínar fyrr en 1975, fimm árum eftir að hann gerði þá síðustu. Hawsk vakti ekki neina umtalsverða athygli í heimalandi sínu, Bandaríkjunum, fyrr en á sjötta áratugnum, þegar franskir kvikmyndagagnrýnendur kváðu upp úr um afburða hæfileika hans til leikstjórnar. Hawks gerði einar fjörutíu kvikmyndir á löngum og starfssömum ferli. Af þeim má nefna „Red River", „Rio Bravo", „Scarface", „Gentlemen Prefer Blondes" og „Twentieth Century". „The Big Sleep" var gerð 1946, en Howard Hawkes leikstýrði fyrstu mynd sinni 1926 og þeirri síðustu 1970.

Í „The Big Sleep" fer Humphrey Bogart með hlutverk einkaspæjarans Philip Marlowe. Spæjarinn hefur í mörg horn að líta, enda umkringdur fríðu liði kvenna, sem ýmsu leynir undir fögru skinni. Karlpersónur myndarinnar eru upp til hópa hið mesta illþýði og skotglaðir með afbrigðum. „The Big Sleep" ber öll merki framleiðslutíma síns, hvað varðar meðferð efnis og persónusköpun, en hefur það fram yfir margar jafnöldrur sínar, að samtölin eru bráðfyndin. Leikur Bogarts stendur svo auðvitað alltaf fyrir sínu.

Auk „The Big Sleep" hyggst Háskólabíó sýna „The Big Shot" frá 1951, leikstjórar Windust og Walsh, en Bogart leikur aðalhlutverkið í myndunum báðum. Háskólabíó gefur aðdáendum Bogarts nú kost á að rifja upp gömul kynni. Þeir, sem ekki hafa séð þennan nafntogaða leikara á hvíta tjaldinu áður, ættu ekki að sleppa þessu einstæða tækifæri.

—SKJ

START
– ný hljómsveit stofnuð

„Við ætlum að vona, að með tilkomu meiri samkeppni hefjist nýtt tímabil uppgangs í flutningi lifandi tónlistar á skemmtistöðum. Við höfðum þetta í huga, þegar við gáfum hljómsveitinni okkar nafnið START", sagði Pétur Kristjánsson, sem allir kannast við úr hljómsveitabransanum á undanförnum árum.

START leikur framvegis á föstudags- og laugardagskvöldum í Sigtúni.

„Ég hef trú á því, að diskóið fari að dala hér eins og erlendis, en þar er rokkið nú mjög vinsælt. Við munum flytja rokk og new wafe tónlist ásamt annarri danstónlist. Diskóið verður kannski eitthvað í bland fyrst um sinn".

Pétur sagði að flutningur á lifandi tónlist hafi átt erfitt uppdráttar undanfarið og ástandið í þessum málum bágborið.

Meðlimir START eru sex talsins. Þrír þeirra eru gamlir í hettunni, en þeir eru Jón Ólafsson, sem leikur á bassa, Nikulás Róbertsson, sem sér um hljómborðið og saxófón og Pétur Kristjánsson, sem syngur.

Í „nýrri helmingi" hljómsveitarinnar eru þeir Sigurgeir Sigmundsson (gítar), Eiríkur Hauksson (hljómborð og söngur) og Gústaf Guðmundsson (trommur).

—KP.



Pétur Kristjánsson er einn meðlima nýju hljómsveitarinnar START, sem leikur í Sigtúni um helgar.



Níu nemendur Menntaskólans á Akureyri fara með hlutverk í Týndu teskeiðinni. Með þeim á myndinni er Steinunn Jóhannesdóttir leikstjóri.

Týnda teskeiðin á Akureyri

Leikfélag Menntaskólans á Akureyri frumsýnir leikrit Kjartans Ragnarssonar **Týndu teskeiðina** í kvöld í Samkomuhúsinu á Akureyri.

Týnda teskeiðin var sýnd í Þjóðleikhúsinu við mjög góðar undirtektir áhorfenda og gagnrýnenda.

Æfingar hjá menntaskólanemum hafa staðið í um mánuð, en leikstjóri er Steinunn Jóhannesdóttir.

Leikendur eru níu, en alls hafa um 25 manns starfað við uppsetningu verksins. Leikmyndina hefur einn nemenda skólans gert Þorvaldur Þorsteinsson, og Sverrir Páll Erlendsson kennari.

Um þessar mundir eru liðin 40 ár frá stofnun Leikfélags MA, en nær 100 ár eru liðin frá því fyrst var leikið í Möðruvallaskóla.

Týnda teskeiðin verður sýnd þessa viku, en óráðið er um fleiri sýningar, en það fer að sjálfsögðu eftir aðsókn.


—TLV.

Danskt tríó í Norræna húsinu

Den Fynske Trio heldur tónleika í Norræna húsinu í kvöld klukkan 20.30. Tríóið skipa klarinettleikarinn Jens Schou, sellóleikarinn Svend Winslöv og píanóleikarinn Rosalind Bevan.


Tríóið var stofnað 1973 og gerðu það þrír ungir tónlistarmenn, sem voru kennarar við Tónlistarháskólann í Odense og hljóðfæraleikarar í sinfóníuhljómsveitinni í Odense. Tríóið hefur leikið víða í Danmörku, á listahátíðum, í útvarpi og sjónvarpi, einnig hefur það leikið inn á hljómplötur.

Mörg þekkt tónskáld hafa samið sérstaklega fyrir tríóið t.d. hefur Atli Heimir Sveinsson samið verk, sem frumflutt verður á öðrum tónleikum tríósins, sem haldnir verða í Tónlistarskóla Kópavogs á fimmtudaginn, klukkan 20.30.



Baltazar hefur opnað sína níundu einkasýningu að Kjarvalsstöðum. Þar sýnir hann 44 myndir, sem málaðar eru á síðustu þrem árum.
Síðast hélt Baltazar sýningu á grafíkmyndum í Norræna húsinu.
Á sýningunni eru m.a. átta myndir, sem Fákar Einar Benediktssonar urðu kveikjan að.
Sýningin er opin frá klukkan 14 til 22 og stendur til 16. mars.

Vísismynd BG.



Pétur Behrens heldur sýningu á verkum sínum á vesturgangi Kjarvalsstaða. Þar sýnir hann 45 verk, teikningar, grafík og vantslita- og olíumyndir. Verkin eru unnin á sl. tveim árum. Þetta er önnur einkasýning Péturs, og verður hún opin til 16. mars.

Vísismynd BG.